

MIRRA

Alþingi
Erindi nr. P 135/2618
komudagur 9.5.2008

Miðstöð InnflytjendaRannsóknna ReykjavíkurAkdemíunni
Hringbraut 121, 4. h
107 Reykjavík
sími: 517-8484 /692-1359
mirra@mirra.is
www.mirra.is

Þskj. 836 – 535 mál.

Umsögn um þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.
(lögð fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008).

Reykjavík 7. maí 2008

Lykilatriði: framkvæmdaáætlun gleðiefni, þung miðstýring, vannýting á mannauði sem er fyrir hendi, eiginlegra rannsókna sér ekki stað í tillögunni, tillagan sýnir skort á metnaði varðandi þekkingaraukningu byggða á rannsóknum.

Fagnaðarefni

Því ber að fagna heilshugar að félags- og tryggingamálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Þetta er fyrsta áætlun sinnar tegundar og mjög tímabær þar sem málaflokkurinn hefur vaxið hraðar á undanförunum árum en nokkurn óraði fyrir. Innflytjendur eru nú, þegar allir eru taldir að nálgast um 10% landsmanna. (erlendir ríkisborgarar, þeir sem þegar hafa öðlast íslenskan ríkisborgararétt og börn þeirra).

Í tillögunni segir orðrétt að “stjórnvöld munu leitast við að hafa sem víðtækast samstarf við samfélag innflytjenda, félagasamtök, sjálfeignarstofnanir og atvinnulíf um framkvæmd þessarar áætlunar og nýta þannig sérþekkingu sem myndast hefur um málefni innflytjenda á margvíslegum vettvangi, svo sem innan Rauða krossins og Alþjóðahúss (2008:5).

Þung miðstýring

Ekki er þó allt sem sýnist. Í stærstum dráttum lítur út fyrir að framkvæmd áætlunarinnar verði í höndunum á einni miðlægri ríkisstofnun, sem er Fjölmenningarsetrið á Ísafirði. Engum blöðum er um það að fletta að Fjölmenningarsetrið hefur lagt mikið af mörkum til málefnsins og þar hefur verið unnið ómetanlegt starf. Það er engu að síður áhyggjuefni að yfirvöld skuli í tillögunni leggja til aukna miðstýringu, sem er óneitanlega í andstöðu við nútímalega stjórnunarhætti. Ef þetta verður að veruleika nýtist ekki sá mannauður sem er til staðar hjá ýmsum aðilum sem unnið hafa að málaflokksnum, s.s Alþjóðahúsi í Reykjavík og fleirum. Þessara aðila er vart getið í tillögunni nema í þeim tilvikum þar sem verk eru þegar hafin.

Í þessu sambandi skal bent á að í tillögunni, lið 2.2. (2008:12) er gert ráð fyrir að Fjölmenningarsetur sjái um gagnabanka rannsókna um innflytjendamál. Rauði kross Íslands hefur með bréfi formlega afhent MIRRA umsjón með gagnabanka á þessu sviði og ábyrgð á uppfærslu hans. Því vekur það furðu að Innflytjendaráð og Félags- og tryggingamálaráðuneyti, sem er fullkunnugt um þetta, afhendi nú skv. tillögunni Fjölmenningarsetri umsjón þessa gagnabanka.

Frumkvöðlastarf vanmetið

Það er ennfremur áhyggjuefni, ef rétt reynist, að litið sé framhjá frumkvöðlastarfi sem sprettur úr grasróttinni, t.d eins og starfsemi MIRRA -Miðstöðvar InnflytjendaRannsókna ReykjavíkurAkademíunni. MIRRA hefur, auk rannsókna, átt frumkvæði að því að koma á fót þekkingarbanka sem gegnir margþættu hlutverki. MIRRA hlaut fjárstyrk frá Styrktarsjóði Baugs í lok síðasta árs til undirbúnings á slíkum þekkingarbanka. Í þekkingarbankanum verða hýstar íslenskar rannsóknir á innflytjendamálum, skýrslur, hagtölur ofl. Auk þess verður í þekkingarbankanum gagnagrunnur, sem byggir á gögnum sem koma frá ólíkum stofnunum. Hugmynd MIRRA er sú að í þekkingarbankanum verði rannsóknir og önnur gögn fmflokkaðar og hægt verði að leita upplýsinga eftir lykilorðum, efnisflokkum, útgáfuári ásamt fleiri breytum. MIRRA hefur þegar leitað til stofnana um samvinnu í tengslum við þetta s.s Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun, Hagstofu ofl. Þekkingarbankinn hefur augljóst hagnýtt gildi fyrir alla þá sem að málaflokksnum vinna. Vinnsla á slíkum gögnum leiðir af sér upplýsingar sem nýtast beint í stefnumótun.

Engar grunnrannsóknir


Það gladdi forsvarsmenn MIRRA að sjá fyrirheit í fréttatilkynningu um þingsályktunartillöguna (sjá fréttavef Félagsmálaráðuneytis 3.apríl s.l.) um eflingu rannsókna. Það veldur því miklum vonbrigðum og furðu að eiginlegra grunnrannsókna á þessum umfangsmikla málaflokki sér hvergi stað í tillögunni. Einungis er talað um að setja fjármagn í viðhorfskannanir, sem verða í umsjón Fjölmenningarseturs og annara ótilgreindra rannsóknarstofnana. Fjölmenningarsetur og þær stofnanir sem fyrst og fremst þjónusta innflytjendur hafa hvorki mannauð né bolmagn til að vinna að grunnrannsóknum sem nauðsynlegar eru, né heldur er það hlutverk þeirra.

Metnaður yfirvalda?

MIRRA sem rannsóknarstofnun hlýtur að varpa fram spurningu um hversu farsæl framkvæmdaáætlun í nýjum málaflokki getur orðið þegar ekki er gert ráð fyrir að hún muni byggja á traustum undirstöðum þekkingaröflunar. Framsýn yfirvöld gera sér grein fyrir að grunnrannsóknir á málefnum innflytjenda eru fjárfesting til frambúðar. Fyrirséð er að íslenskt samfélag gengur nú í gegnum áður óþekktar breytingar. Rannsóknir á málefnum innflytjenda á Íslandi eru mjög skammt á veg komnar. Vilji yfirvöld leggja sitt af mörkum til að sneiða hjá þekktum gildrum í þessum málaflokki má ýmislegt læra af mistökum annara þjóða. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að reynsla þeirra sem og erlendar rannsóknir endurspeglar aldrei íslenskan veruleika eins og fram kemur í inngangi ályktunarinnar (2008:4). Málefni innflytjenda eru viðkvæmur eldfimur og afar mikilvægt að stefnmótun byggji á staðgóðum grunnrannsóknum. Augljóslega verður að leggja meira fé til rannsókna en tillagan gerir ráð fyrir. Efling íslenskra rannsókna á málefnum innflytjenda og nýting á þeim mannauði sem fyrir hendi er, s.s eins og hjá MIRRA, hlýtur að vera undirstaða farsællar framkvæmdaáætlunar og velfarnaðar í þessum málaflokki, sem er ekki einasta hagsmunamál innflytjenda sjálfrá heldur allra landsmanna.

Með virðingu og vinsemd,

dr. Hallfríður Þórarinsdóttir forstöðumaður MIRRA



Hjálögð fylgigögn:

- A. Mikilvægi þekkingar og rannsókna í innflytjendamálum – Greinargerð MIRRA mars 2008
- B. Afrit af bréfi frá Rauða krossi Íslands til MIRRA – Efni: Gagnagrunnur um rannsóknir og ritgerðir um málefni innflytjenda.

9. október 2007

**Hallfríður Þórarinsdóttir
Miðstöð innflytjendarannsókna
ReykjavíkurAkademíunni
Hringbraut 121
107 Reykjavík**

Efni: Gagnagrunnur um rannsóknir og ritgerðir um málefni útlendinga


Innflytjendum hefur fjölgað gífurlega á undanförunum árum. Rannsóknir á þeim miklu samfélagsbreytingum sem fylgja fjölgun innflytjenda eru mikilvægar. Slíkar rannsóknir hafa fræðilegt gildi og eru nauðsynlegur grunnur að þeirri stefnumótun sem blasir við í íslensku samfélagi.

Hugmynd um að safna saman upplýsingum um rannsóknir og ritgerðir um málefni útlendinga sem unnar hafa verið síðastliðin fimm ár, kviknaði á sameiginlegum fundi nokkurra aðila haustið 2004. Markmiðið með þessu var að bæta vinnubrögð og koma á fót upplýsingabanka sem allir hefðu gagn af.


Rauði kross Íslands tók að sér verkið í lok árs 2004 og settar voru saman upplýsingar um flest allar rannsóknir og ritgerðir í þessum málaflokki í eitt skjal. Upplýsingarnar hafa verið aðgengilegar á vefsíðu Rauða krossins.

Rauði krossinn fer þess hér með á leit við Miðstöð innflytjendarannsókna ReykjavíkurAkademíunnar (MIRRA) að hún taki við þessum kyndli og hafi þennan gangagrunn á sínu forræði. Eðlilegt er að MIRRA sem aflvaki fræðilegra rannsókna í innflytjendamálum og miðlunar þeirra, visti þann þekkingargrunn sem til er í þessum málaflokki og uppfæri hann eftir atvikum.

Með ósk um góðar undirtektir.

Virðingarfyllt,

Helga G. Halldórsdóttir
Sviðstjóri Innanlandssviðs
Rauða kross Íslands





Mikilvægi þekkingar og rannsókna í innflytjendamálum

**Greinargerð
mars 2008**

MIRRA – Miðstöð InnflytjendaRannsókna ReykjavíkurAkademíunni
Hringbraut 121 4.h - 107 Reykjavík
sími 517-8484 / 692-1359
mirra@mirra.is
www.mirra.is

INNIHALD

Mikilvægi þekkingar og rannsókna í innflytjendamálum	2
MIRRA – aðdragandi og saga	2
Hvað hefur MIRRA gert?	3
1. Innlent tengslanet og samstarf	4
1.1 Fagráð MIRRA	4
1.2 Þjónustustofnanir	4
1.3 Reykjavíkurborg	6
2. Þekkingarbanki – mannauður í innflytjendum – rannsóknir – gögn	6
2.1 Hvers konar þekkingarbanki?	6
2.2 MIRRA tekur yfir gagnabanka Rauða kross Íslands	6
2.3 Styrktarsjóður Baugs styrkir Þekkingabanka MIRRA	7
3. Innlendir rannsóknir	7
3.1 Íþróttaiðkun innflytjendabarna í Breiðholti	7
3.2 Árangur og skilvirkni íslenskukennslu fyrir útlendinga	7
4. Alþjóðlegt rannsóknasamstarf	8
4.1 Rannsókn á búferlaflutningum Pólverja til Íslands – Þróunarsjóður EFTA	8
5. Kynning á starfseminni, vefsíðugerð o.fl.	8
6. Þáttaka í innlendum málþingum, ráðstefnum, teymisvinna o.fl.	9
7. Styrkir og styrkumsóknir	9
Heimildir:	11

Mikilvægi þekkingar og rannsókna í innflytjendamálum

Aldrei fyrr í Íslandssögunni hafa orðið eins örar breytingar á menningarlegri samsetningu íbúa landsins og verið hefur á undanförunum árum. Menningarleg og málleg einsleitni sem var eitt aðaleinkenni íslensks samfélags heyrir nú sögunni til. Á aðeins áratug hefur fjöldi innflytjenda þrefaldast og nálgast hratt um tíu prósent af heildarfjölda landsmanna.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar sem samþykktur var 23. maí 2007 segir: “Framfarir og hagvöxtur komandi ára verða knúin áfram af menntun, vísindum og rannsóknum. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir áframhaldandi fjárfestingu í rannsóknum og menntakerfi þjóðarinnar”. Í sáttmálanum er ennfremur kveðið á um mikilvægi þess að unnið verði að heildstæðri framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Lykilatriði er að slík stefnumótun byggji á upplýstri þekkingu á þeim flóknu félags-, efnahags- og menningarlegu breytingum sem fylgja landnámi og búsetu þessa nýja fólks. Rannsóknir, tengslanet og samvinna þeirra sem að innflytjendamálum starfa við þjónustu eða á fræðasviði, og sú víðfeðma þekking sem aflast hefur eru ómetanlegt verkfæri stjórnvalda við stefnumótun í málefnum innflytjenda.

Þau verðmæti sem nú þegar hafa aflast með frumkvöðlastarfi, nýsköpun, þekkingu og tengslanetum MIRRA, er örðugt að meta til fjár. Hitt er dagljóst, að stofnuninni er lífsnauðsynlegt að fá aukinn fjárhagslegan stuðning yfirvalda til að sú þekking og sá auður sem þegar er til staðar nýtist stjórnvöldum og öðrum sem vinna að innflytjendamálum.

MIRRA – aðdragandi og saga

MIRRA – Miðstöð InnflytjendaRannsókna ReykjavíkurAkademíunni var stofnuð 2006 í kjölfar velheppnaðrar fundaraðar um innflytjendamál *Varavinnuafli eða vannýtt auðlind?* sem haldin var í ReykjavíkurAkademíunni veturinn 2005-2006. Hófst þegar mikil undirbúningsvinna, sem meðal annars fólst í öflun fjár til starfseminnar. Leitað var til fjölmargra aðila, m.a. Félagsmálaráðuneytis, aðila á vinnumarkaði, Reykjavíkurborgar og Fjárlaganefndar Alþingis. Á fjárlögum ársins 2007 hlaut MIRRA kr. 4.000.000 styrk til undirbúnings miðstöðvarinnar. Þetta fjárframlag skipti sköpum. MIRRA hlaut aftur styrk á fjárlögum ársins 2008 að upphæð kr. 5.000.000.

. Unnið hefur ótullega að því að treysta starfsgrundvöll MIRRA til framtíðar. Eitt af þeim fjölmörgu verkefnum sem MIRRA hefur unnið að á þessum tíma og þegar er orðið að veruleika, er myndun tengslanets milli þjónustustofnana og fræðasamfélagsins í landinu. MIRRA er ekki einasta rannsóknarmiðstöð heldur líka brú á milli þeirra stofnana sem þjóna innflytjendum og þeirra sem leggja rannsóknum lið. MIRRA vinnur enn fremur að auknu samstarfi við sveitarfélög, aðila á vinnumarkaði, bæði launþegahreyfinguna og atvinnurekendur.

Með þessari brúarsmíð hefur MIRRA lagt grunninn að samvinnu þeirra, sem að innflytjendamálum koma og myndað ómetanleg samlegðaráhrif sem munu koma öllum til góða. MIRRA hefur þegar hafið undirbúning stofnunar þekkingarbanka sem hýsa mun allar rannsóknir sem gerðar hafa verið á innflytjendamálum auk þess sem unnið verður úr skráðum gögnum opinberra stofnana.

Hvað hefur MIRRA gert?

MIRRA hefur unnið ótullega að því að mæta þeirri brýnu þörf sem getið er um í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar og lagt grunn að rannsóknum í innflytjendamálum og alþjóðlegum búferlaflutningum til landsins. Hluti þess fjár sem MIRRA fékk á fjárlögum 2007 og 2008, hefur farið í að greiða leigu á skrifstofu og kostnað við hönnun og uppsetningu vefsíðu. Öll tæki og tól, þ.m.t. talin tölvubúnaður og bókasafn sem MIRRA hefur stuðst við í starfi sínu, eru í persónulegri eigu forstöðumanns. Stjórn MIRRA ákvað að leggja allan metnað í óefnislegar fjárfestingar fremur en kaup á tólum og tækjum á þessu stigi málsins. Þeir sem unnið hafa MIRRA brautargengi og fengið greitt fyrir af fé Fjárlaganefndar eru dr. Hallfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður MIRRA (sjá meðfylgjandi CV) og dr. Clarence E. Glad, stjórnarformaður ReykjavíkurAkademíunnar ses. Viðar Hreinsson framkvæmdastjóri Reykjavíkur-Akademíunnar hefur setið í stjórn MIRRA og lagt henni ómælt lið með framlagi sínu. Vinnuframlag Viðars hefur alfarið verið greitt af ReykjavíkurAkademíunni og er framlag ReykjavíkurAkademíunnar til MIRRA. Sólveig Georgsdóttir mannfræðingur (sjá meðfylgjandi CV) var ráðin tímabundið til starfa við yfirstandandi íþróttarannsókn í Breiðholti sem MIRRA vinnur nú að og skýrt er frá hér á eftir. Sólveig þiggur laun af því fé sem aflað hefur verið sérsaklega til rannsóknarinnar. Því framlagi sem MIRRA hlaut á fjárlögum hefur enn fremur verið varið til undirbúnings, skipulags og framkvæmdar eftirtalinna þátta:

- **Efling innlendra tengslaneta og samstarfs**
- **Efling alþjóðlegra tengslaneta og rannsóknarsamstarfs**
- **Undirbúningur þekkingarbanka**
- **Undirbúningsvinna vegna rannsókna innanlands og erlendis**
- **Þátttaka í innlendum málþingum, ráðstefnum, teymisvinna o.fl.**

1. Innlent tengslanet og samstarf

1.1 Fagráð MIRRA

Fagráð MIRRA var formlega stofnað á fyrrgreindum samstarfsfundi sem haldinn var þann 26. júní 2007. Hlutverk fagráðs er að koma með tillögur til MIRRA að rannsóknum auk þess að opna fyrir samstarfsvettvang milli háskóla og rannsóknarsamfélagsins um rannsóknir á sviði innflytjendamála. Áætlað er að fagráð haldi samstarfsfundi ársfjórðungslega. Í fagráði MIRRA sitja eftirtaldir:

Hrannar B. Arnarsson formaður Innflytjendaráðs.

Dr. Unnur Dís Skaptadóttir prófessor – Mannfræðiskor - Háskóli Íslands.

Dr. Hanna Ragnarsdóttir aðstoðarrektor - Kennaraháskóli Íslands.

Dr. Jón Ólafsson prófessor - Félagsvísindadeild - Háskólinn á Bifröst.

Dr. Þóroddur Bjarnason prófessor – Félagsvísindadeild - Háskólinn á Akureyri.

Katrín Ólafsdóttir hagfræðingur, lektor – Viðskiptadeild - Háskólinn í Reykjavík.

Anh-Dao Tran MA. Menntunarfræðingur, fulltrúi sjálfstæðra fræðimanna.

Mikil ánægja er meðal ofangreindra fræðimanna um samstarf við MIRRA og eru þeir á einu máli um að samstarfsvettvangurinn feli í sér ómæld samlegðaráhrif sem styrki innflytjendarannsóknir á Íslandi. Með samstarfinu opnast ennfremur fyrir aukna möguleika á alþjóðlegri samvinnu þar sem íslenskir fræðimenn geta starfað sem einn hópur.

1.2 Þjónustustofnanir

Eitt af meginmarkmiðum MIRRA auk þess að vinna beint að gagnaöflun og rannsóknum á málefnum innflytjenda í íslensku samfélagi er að vera tengiliður á milli þjónustustofnana og fræðasamfélagsins í landinu. MIRRA hefur unnið ötullega að uppbyggingu þessa samstarfs og haldið fjölmarga fundi. Formlegt samstarf milli

þjónustustofnana og fræðasamfélags var innsiglað á fundi sem haldinn var í þann 26. júní s.l.

Eftirtaldar stofnanir og fulltrúar þeirra eru í samvinnu við MIRRA:

Félagsmálaráðuneyti – Ingibjörg Broddadóttir deildarstjóri.

Útlendingastofnun - Hildur Dungal forstöðumaður.

Vinnumálastofnun - Karl Sigurðsson / Gissur Pétursson forstöðumaður.

Hagstofa Íslands – Lárus Blöndal/ Ólöf Garðarsdóttir deildarstjóri.

Rauði kross Íslands – Helga Halldórsdóttir deildarstjóri.

Fjölmeningarsetur Ísafirði – Elsa Arnardóttir forstöðumaður.

Alþjóðahús - Sólveig Jónasdóttir/ Einar Skúlason framkvæmdastjór

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða – Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri

Þjónustumiðstöð Breiðholts – Þorsteinn Hjartarson framkvæmdastjóri.

Allir þessir aðilar hafa sýnt samstarfi við MIRRA mikinn áhuga og á fyrrnefndum fundi var sérstaklega til tekið að MIRRA mætti mjög brýnni þörf með því að koma á slíkum samráðsvettvangi milli fræðasamfélagsins og þjónustustofnana á sviði innflytjendamála. Tekið var fram að slíkur vettvangur væri afar mikilvægur og styrkti það starf sem unnið er á þjónustustofnunum eins og Alþjóðahúsi og Fjölmeningarsetri. Frekari hugmyndir um samstarf og hlutverk MIRRA hafa síðan komið frá þessum aðilum. Opinberar stofnanir líkt og Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun og Hagstofa hýsa fjölda gagna og upplýsinga í formi skráninga, sem þær telja mjög brýnt að vinna úr svo þær nýtist stjórnvöldum. Til dæmis þarf að kanna betur hvernig menntun innflytjenda nýtist þeim á íslenskum vinnumarkaði. Vinnumálastofnun hefur bent á nauðsyn þess að rannsakaðir verði þættir eins og hreyfanleiki, búsetumynstur og fjölskyldugerð innflytjenda. Ennfremur hafa fyrrgreindar stofnanir bent á nauðsyn þess að kannað verði hverjir ætla að setjast hér að til langframa og hverjir ekki og hvað ræður slíkri ákvörðun.

Allar þessar stofnanir hafa lýst yfir ánægju sinni með stofnun MIRRA og telja mjög brýnt að aðgangur sé á einum stað að öllum upplýsingum um það sem unnið hefur verið á sviði rannsókna er snerta málefni innflytjenda. Ennfremur sjá þær mikinn hag í því að MIRRA auki við og dýpki þekkingu á málefnum innflytjenda sem þær hafa ekki tök á að gera. Slíka vinnu telja þær nýtast stjórnvöldum í meðferð og stefnumótun í málefnum innflytjenda.

1.3 Reykjavíkurborg

MIRRA hefur jafnframt átt í samningaviðræðum við Reykjavíkurborg frá miðju ári 2006 um aðkomu borgarinnar að starfseminni. Geysilega mikill tími hefur farið í samningaumleitunir en niðurstöður hafa ekki fengist enn. Ljóst er að þessi vinna mun halda áfram.

2. Þekkingarbanki – mannauður í innflytjendum – rannsóknir – gögn

2.1 Hvers konar þekkingarbanki?

Eitt af grunnverkefnum MIRRA felst í því að koma á fót þekkingarbanka sem hýsa mun víðtækar upplýsingar, gögn og allar rannsóknir sem tengjast málefnum innflytjenda á Íslandi. Nauðsynlegt er að stofnanir og fræðasamfélag hafi sem greiðastan aðgang að tölulegum upplýsingum ásamt öðrum skráðum gögnum um innflytjendur á Íslandi. Í þekkingarbankanum verður hægt að nálgast tölfræðilegar upplýsingar um fjölda innflytjenda eftir menningarlegum bakgrunni, kyni, aldri, fjölskyldu/hjúskaparstöðu, trúarbrögðum, menntun, starfi, búsetu ofl. Ennfremur mun þekkingarbankinn hýsa allar rannsóknir, skýrslur og annað útgefið efni um innflytjendamál. Varðveisla þessara upplýsinga á einum stað þar sem hægt verður að leita eftir gögnum með innslætti lykilorða, eykur skilvirkni og skapar nýja möguleika fyrir þá sem vilja nýta sér þessar upplýsingar. Þekkingarbankinn mun nýtast bæði opinberum aðilum og öðrum þeim sem vinna að innflytjendamálum auk þess sem hann verður ómetanlegur fyrir allar rannsóknir á sviðinu.

2.2 MIRRA tekur við gagnabanka Rauða kross Íslands

Rauði kross Íslands hefur formlega afhent MIRRA gagnagrunn sinn um rannsóknir og ritgerðir um innflytjendamál. (sjá fylgiskjal). Í bréfi RKÍ segir m.a. “Eðlilegt er að MIRRA sem aflvaki fræðilegra rannsókna í innflytjendamálum og miðlunar þeirra visti þann þekkingargrunn sem til er í þessum málaflokki og uppfæri hann eftir atvikum.”

MIRRA hefur þegar fengið allmargar fyrirspurnir um stöðu rannsókna í þessum gagnagrunni, en vegna fjárskorts hefur enn ekki verið unnt að uppfæra hann.

2.3 Styrktarsjóður Baugs styrkir Þekkingabanka MIRRA

Styrktarsjóður Baugs veitti styrk í ágúst á s.l. ári til að vinna að undirbúningi þessa þekkingarbanka. Ljóst er að uppbygging bankans er undir frekara fjármagni komin.

3. Innlendar rannsóknir

3.1 Íþróttaiðkun innflytjendabarna í Breiðholti

MIRRA vinnur nú að rannsókn ásamt Þjónustumiðstöð Breiðholts og ÍR (Íþróttafélagi Reykjavíkur) á íþróttaiðkun innflytjendabarna í Breiðholti. Rannsóknin, sem hófst í júlí s.l. tekur til 30 innflytjendafjölskyldna í Breiðholti, þar sem rætt er bæði við foreldra og börn. Ennfremur eru tekin viðtöl við þjálfara, kennara og aðra starfsmenn í skólum, félagsmiðstöðvum og íþróttafélögum. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að með þátttöku í íþróttum opnast ómetanlegur vettvangur til mótunar félagstengsla milli innflytjendabarna og heimamanna. Íþróttaiðkun er því afar mikilvægur liður í samþættingu (enska:integration) innflytjenda inn í nýtt samfélag. Aflað hefur verið alls þess fjár sem rannsóknin kostar og hafa styrkir borist frá ÍTR, ÍR, Velferðarsjóði barna, Íþróttasjóði Menntamálaráðuneytis og Félagsmálaráðuneyti. Niðurstöður munu liggja fyrir í maí n.k.

3.2 Árangur og skilvirkni íslenskukennslu fyrir útlendinga

MIRRA hefur í samvinnu við Mími símenntun sótt um rannsóknarstyrk til Starfsmenntaráðs að upphæð kr. 4.354.000 og bíður svars. Markmið rannsóknarinnar er að kanna árangur og skilvirkni íslenskukennslu fyrir útlendinga. Höfuðáhersla er lögð á tungumálið sem tæki til félagslegra tjáskipta. Rannsakað verður hvaða möguleikar eða hindranir eru til staðar og einnig hverjir eru helstu hvatar til íslenskunáms svo íslenskukunnátta nýtist á vinnustað og í daglegu umhverfi. Í brennidepli er greining á því hvort eða hvernig kunnátta á íslensku meðal innflytjenda hefur áhrif á framgangsmöguleika í starfi og einnig á félagslegan aðgang og samþættingu að samfélaginu. Um leið verður kannað með hvaða hætti enskukunnátta og notkun hefur áhrif þar á. Rannsóknin beinist líka að því að draga fram hvernig og með hvaða þætti færni í íslensku máli, eða skortur á henni, meðal innflytjenda hefur áhrif á sjálfsímynd þeirra, upplifun og reynslu af því að tilheyra eða

tilheyra ekki íslensku samfélagi. Valdir verða vinnustaðir á þremur ólíkum starfssviðum á höfuðborgarsvæðinu.

4. Alþjóðlegt rannsóknasamstarf

MIRRA hefur unnið ötullega að uppbyggingu alþjóðlegra tengsla. Hér er um að ræða tengsl við háskóla og rannsóknarstofnanir í innflytjenda- og búferlarannsóknnum og nær tengslanetið til allra Norðurlandanna auk Póllands, Eistlands, Lettlands, Litháen, Þýskalands, Bretlands og Írlands. MIRRA sótti m.a. málþing og samstarfsfund sem haldinn var í mars 2007 í Center for Migration Research - CMR við Varsjárháskóla.

4.1 Rannsókn á búferlaflutningum Pólverja til Íslands – Þróunarsjóður EFTA

Í samstarfi við prófessor Marek Okólski forstöðumann CMR - Center for Migration Research í Varsjá og Dr. Jon Erik Dølvik, forstöðumann Fafo (Institutt for arbeidsliv- og velferdsforskning í Osló) hefur MIRRA sótt um styrk til Þróunarsjóðs EFTA til sameiginlegrar rannsóknar á búferlaflutningum Pólverja til Íslands og Noregs undir heitinu: *Mobility and Migration at the Time of Transformation - Methodological Challenges*. Leitað verður upplýsinga um félags-/efnahagslegar ástæður búferlaflutninga Pólverja, kannað hvers vegna þeir velja þessi lönd til búsetu, hvaðan úr Póllandi þeir eru upprunnir og hver lengd búsetu í nýja landinu sé, ásamt viðhorfum þeirra og reynslu. Rannsóknin er mikilvægt framlag til kortlagningar á búferlaflutningum í Norður-Evrópu á miklum umbrotatímum og þeim breytingum sem eru að verða þar á. Spurningakönnunin tekur til 800 Pólverja sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Áætlað er að rannsóknin taki þrjú ár. Hlutdeild MIRRA í kostnaði við rannsóknina nemur tæpum 7.3 milljónum króna.

5. Kynning á starfseminni, vefsíðugerð ofl.

Sjá www.mirra.is. Vinna við grafíska hönnun, uppsetningu og hýsingu vefsíðu auk hönnunar á lógói og annarar grafískrar vinnu.

6. Þáttaka í innlendum málþingum, ráðstefnum, teymisvinna o.fl.

MIRRA hefur lagt sig fram um að sækja alla opinbera fundi, ráðstefnur, málþing og fundi um innflytjendamál sem haldin hafa verið frá 2006. MIRRA tók þátt í Vísindavöku Rannís þann 28. september 2007 og var þar með kynningarbás um starfsemi sína. MIRRA er jafnframt aðili að teymi um innflytjendamál ásamt opinberum stofnunum og sjálfstætt starfandi stofnunum sem vinna að innflytjendamálum á einn eða annan hátt.

7. Styrkir og styrkumsóknir

MIRRA hefur sótt um og hlotið styrk úr eftirtöldum sjóðum:

Styrktarsjóður Baugs Group 2007

Verkefni/rannsókn: *Mannauður í innflytjendum á Íslandi*. Undirbúningur til stofnunar þekkingarbanka um mannauð í innflytjendum. Sótt um kr. 1.750.000. Styrkur veittur að upphæð kr. 1.750.000.

Velferðarsjóður barna

Verkefni /rannsókn: Íþróttarannsókn innflytjendabarna í Breiðholti. Sótt um kr. 2.500.000. Styrkur veittur að upphæð kr. 1.000.000.

ÍTR (Íþróttta og tómsundaráð Reykjavíkurborgar)

Verkefni/rannsókn: Íþróttarannsókn innflytjendabarna í Breiðholti. Sótt um kr. 500.000. Styrkur veittur að upphæð kr. 500.000.

ÍSÍ (Íþróttasamband Íslands)

Verkefni/rannsókn: Íþróttarannsókn innflytjendabarna í Breiðholti. Sótt um kr.1.000.000. Styrkur veittur að upphæð kr. 400.000.

Íþróttasjóður Menntamálaráðuneytis

Verkefni/rannsókn: Íþróttarannsókn innflytjendabarna í Breiðholti. Sótt um kr. 1.000.000 í október 2007. Styrkur veittur í janúar 2008 að upphæð kr.600.000 .

Félagsmálaráðuneyti. Íþróttarannsókn innflytjendabarna í Breiðholti. Þjónustumiðstöð Breiðholts í samvinnu við MIRRA sótti um kr. 500.000 til Félagsmálaráðuneytis í maí 2007. Styrkur að upphæð kr. 250.000 veittur í desember sama ár.

ReykjavíkurAkademían

Ferðakostnaður og styrkir vegna undirbúningsvinnu: Sótt um kr. 1.000.000.- Styrkur kr. 1.000.000.

MIRRA hefur sótt um styrk úr eftirtöldum sjóðum og bíður enn svars:

Starfsmenntaráð

Verkefni/rannsókn: *Árangur og skilvirkni í íslenskukennslu fyrir útlendinga*. Samstarfsaðilar: Mímir símenntun. Sótt um kr. 4.354.000. Svar væntanlegt í vor.

Próunarsjóður EFTA

Verkefni/rannsókn: *Mobility and Migration at the Time of Transformation – Methodological Challenges* – Fyrirhuguð rannsókn unnin í samvinnu við CMR Varsjárháskóla (University of Warsaw – Center for Migration Research) og Fafo í Noregi. Sótt um kr. 7.287.600. Svar væntanlegt í lok nóvember.

MIRRA hefur sótt um styrk úr eftirtöldum sjóðum og fengið afsvar:

Próunarsjóður Innflytendamála

Verkefni/rannsókn: Kortlagning á þróun framboðs á íslenskunámskeiðum og þátttöku innflytjenda í þeim. Sótt um kr. 1.250.000. Enginn styrkur fékkst.

Styrktarsjóður Baugs Group

Verkefni/rannsókn: Íþróttarannsókn innflytjendabarna í Breiðholti. Sótt um kr. 2.000.000. Enginn styrkur fékkst.

Rannsóknasjóður Rannís 2007

Verkefni/rannsókn: *Íslenska og/eða enska - Samskiptamál innflytjenda og heimamanna á Íslandi*. Upphæð til 3 ára kr. 13.145.000. Enginn styrkur fékkst.

Minningarsjóður Margrétar Björgólfsdóttur

Verkefni/rannsókn: Íþróttarannsókn innflytjendabarna í Breiðholti. Sótt um kr. 1.000.000. Enginn styrkur fékkst.

Actavis

Verkefni/rannsókn: Íþróttarannsókn innflytjendabarna í Breiðholti. Sótt um kr. 2.500.000. Enginn styrkur fékkst.

Samskip

Verkefni/rannsókn: Íþróttarannsókn innflytjendabarna í Breiðholti. Sótt um kr. 500.000. Enginn styrkur fékkst.

Kaupþing

Verkefni/rannsókn: Íþróttarannsókn innflytjendabarna í Breiðholti. Sótt um kr. 500.000. Enginn styrkur fékkst.

TM (Tryggingamiðstöðin)

Verkefni/rannsókn: Vefsíðuhönnun. Sótt um kr. 350.000. Enginn styrkur fékkst.

Landsbankinn hf.

Verkefni/rannsókn: Vefsíðuhönnun. Sótt um kr. 350.000. Enginn styrkur fékkst.

Heimildir:

Stefnuyfirlýsing Sjálfstæðiflokks og Samfylkingar 23.maí 2007.

<http://www.stjornarrad.is/Stefnuyfirlýsing/nr275>